



Kópavogi, 15. nóvember 2022

22114511/210.01 ABS

Tillaga að stofnun starfshóps um skipulag og starfsumhverfi leikskóla Kópavogsbæjar

Síðastliðin tvö ár hafa orðið miklar breytingar á starfsumhverfi leikskóla. Með nýjum kjarasamningum, sem samþykktir voru árið 2020, var annarsvegar ákvæði um verulega aukningu undirbúningstíma leikskólakennara og hinsvegar um styttingu vinnuvikunnar. Þessar breytingar hafa haft í för með sér mjög aukið álag í leikskólunum og gert starfsumhverfið afar krefjandi, sem m.a. hefur haft þau áhrif að veikindatíðni hefur aukist, erfitt hefur reynst að ráða nýtt fólk til starfa og ekki síst viðhalda starfsfólki. Nauðsynlegt er að bregðast við þessari þróun til að bæta starfsumhverfi, stöðugleika og öryggi barna og starfsfólks.

Lagt er til að stofnað verði til starfshóps skv. erindisbréfi til greiningar og endurskipulagningar á starfsumhverfi leikskóla. Starfshópurinn verði skipaður 13 fulltrúum og vinni í samráði við starfsfólk leikskóla, faglærða og ófaglærða, leikskólastjórnendur, fulltrúa foreldra og aðra hagaðila í umhverfi leikskóla.

Markmið starfshóps er að leggja fram tillögur að breytingum á skipulagi leikskólastarfs í Kópavogi sem leitt geta til framtíðarumbóta og stöðugleika í starfsumhverfi barna og starfsfólks leikskóla.

Megin hlutverk starfshóps, sem nánar yrði útfært í erindisbréfi:

- Greina núverandi stöðu leikskólastarfs m.t.t. gæða faglegs starfs og starfsumhverfis barna og starfsfólks
- Meta mögulegar leiðir til breytinga á skipulagi leikskólastarfs og umbóta í starfsumhverfi leikskóla

Lagt er til að starfshópurinn verði skipaður eftirfarandi:

- Fjórir fulltrúar stjórnenda og starfsfólks leikskóla (tilnefndir af leikskólastjórum)
- Formaður leikskólanefndar
- Fulltrúi meirihluta í Bæjarstjórn (tilnefndur af meirihluta)
- Fulltrúi minnihluta í Bæjarstjórn (tilnefndur af minnihluta)
- Fulltrúi foreldra (tilnefndur af Samleik)
- Fulltrúi Félags leikskólakennara (tilnefndur af FL)
- Fulltrúi Félags stjórnenda í leikskólum (tilnefndur af FSL)
- Fulltrúi Starfsmannafélags Kópavogs (tilnefndur af Sfk)
- Deildarstjóri leikskóladeildar
- Sviðsstjóri menntasviðs

Alls eru fulltrúar starfshóps 13 talsins. Auk þess starfar María Kristín Gylfadóttir verkefnastjóri með hópnum ásamt Vigdís Guðmundsdóttur, leikskólaráðgjafa, sem er starfsmaður hópsins. Hlutverk þeirra er að halda utan um skipulag og dagskrá funda, skipuleggja samráð, fundargerðir, skýrslugerð og aðra gagnavinnslu.



Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Sigurlaug Bjarnadóttir
Deildarstjóri leikskóladeildar

